

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi á Völlum miðsvæði á lóð við Tjarnarvelli 2A.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar í umboði bæjarstjórnar, á 3.266 fundi sínum þann 5. ágúst 2010, breytingu á deiliskipulagi á Völlum, miðsvæði, lóð við Tjarnarvelli 2A. Breytingin felst í að lengja byggingarreit úr 12 í 14 m, minnka lóðina úr 430 m² í 391 m² og hækka nýtingarhlutfall hennar úr 0,14 í 0,18. Einnig að gegnumakstur verði innan lóðar og að byggingarreitur færist norðar á lóð. Fjögur bílastæði verði á lóðinni. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 13. ágúst 2010,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2010